



Langanesbyggð - Fjarðarvegur 3 - 680 Þórshöfn Símar: 468 -1220 Heimasíða: www.langanesbyggd.is

G. dís

42. fundur Sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn fimmtudaginn 18. júní 2009 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt voru: Jóhanna Helgadóttir, Sigurður J. Jónsson, Árni Davíð Haraldsson, Sóley Vífiladóttir, Indriði Þóroddsson, Heiðrun Óladóttir og Gunnólfur Lárússon sveitarstjóri sem ritaði fundgerð á tölvu.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundaboðun .
Oddviti og varaoddviti komust ekki vegna anna þannig að sveitarstjóri stýrði fundi og bauð hann fundamenn velkomna.

1 Fundargerðir nefnda og ráða.

- Fundargerð sveitarstjórnar dagsett 4. júní 2009
Lögð fram til kynningar.
- Fundargerð Drekasvæðisins ehf. Dagsett 12. Júní 2009
Lögð fram til kynningar.
- Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands dagsett 3. júní 2009
Lögð fram til kynningar.
- Fundargerð aðalfundar Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga dagsett 5. Júní 2009
Lögð fram til kynningar.
- Fundargerð Eyþings dagsett 25. maí 2009
Lögð fram til kynningar.
- Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga dagsett 10. júní 2009
Lögð fram til kynningar.
- Fundargerð Hafnarnefndar dagsett 8. júní 2009
*Þar er lagt til að hækka gjaldskrá Langaneshafna um 15%
Samþykkt samhljóða.*
- Fundargerð Stapa lífeyrissjóðs dagsett 28. maí 2009
Lögð fram til kynningar.

2 Skýrsla sveitarstjóra.

- Skýrsla sveitarstjóra lög fram og svaraði hann fyrirspurnum sveitarstjórnarmanna.
- Sveitarstjóri óskaði eftir því að fá að taka af liðnum endurbætur á Lækjarvegi 3 en í verkáætlun 2009 var áætlað kr. 5.000.000,- í þann lið vegna klæðningar og endurbóta. Umhverfisáttak, gróður og fl. kr. 1.000.000,- í nýju framhalsskóladeildina, þekkingarsetrið og flutningur á bókasafni kr. 1.500.000, í viðhald á íbúðum sveitarfélagsins, kr. 1.000.000,-
Samþykkt samhljóða.
- Tillaga sveitarstjóra að sveitarstjórn fari í sumarfrí fram að 20. ágúst n.k. en verði þörf fyrir aukafund verður hann boðaður með löglegum fyrir vara.
Samþykkt samhljóða.

Sigurður J. Jónsson Jóhanna H.
Sóley Vífiladóttir
Indriði Þóroddsson Heiðrun Óladóttir
Gunnólfur Lárússon Árni Davíð



Innsend erindi.

Til kynningar:

- Boð á norræna ráðstefnu um jafnréttisfræðslu í skólum.
Erindinu vísað til Fræðslu- og menningarnefndar.
Samþykkt samhljóða.
- Bréf frá Styrktarsjóði EBÍ 2009
Í bréfinu kemur lagt fram að sveitarfélög geta sótt um styrk til sérstakra verkefna sem ekki teljast til almenns rekstrar sveitarfélagsins.
Lagt fram til kynningar.
- Frumvarp til vegalaga.
- Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur undir bókun Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. maí s.l. að tryggja verði fjármagn til sveitarfélagana áður en gengið verður frá samningum við vegagerðina samkvæmt nýjum vegalögum nr. 80/2007
Samþykkt samhljóða.
- Rafrænar kosningar.
Lagt fram til kynningarbréf frá Samgönguráðuneytinu þar sem Ríkisstjórn Íslands ætlar að hrinda af stað tilraunaverkefni vegna rafrænar kosninga 2010.
Lagt fram til kynningar.
- Bréf frá sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytinu.
Í bréfinu kemur fram að ekki verði greitt fyrir fjallskil fyrir 2008 eins og hefur verið gert fyrir 2006 og 2007 fulltrúa sveitarstjóra falið að svara bréfinu.
Samþykkt samhljóða.
- Skipan starfshóps til að endurskoða fjallskilareglugerðir.
Tillaga um Björn Guðmund Björnsson sem aðalmann og Árna Davíð Haraldsson sem varamann.
Samþykkt samhljóða.
- Erindi frá Ytra-Lóni.
Lagt fram til kynningar, viðskipta- og rekstraáætlun vegna fyrirhugaðar framkvæmda í sumar þar sem óskað er eftir samþykki sveitarstjórnar vegna fyrirhugaðar framkvæmda, sveitarstjórn fagnar þessu framtaki og óskar þeim alls hins besta í þessari fyrirhuguðu uppbyggingu en getur ekki samþykkt fyrirhugaðar framkvæmdir fyrr en að öll tilskilin leið og teikningar liggi fyrir.
Samþykkt samhljóða.

Fundagerðin upplesin og samþykkt samhljóða fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:32

Fundagerðin er tvær blaðsíður 80-81

Jóhanna H.
Björnsson